

30. ágúst 1984

613

Nr. 378

AUGLÝSING

um niðurfellingu tolla af kvikmyndafilmum og mynd- og
hljóðböndum vegna atvinnustarfsemi.

1. gr.

Tollstjórum er falið samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar að fella niður toll af neðangreindum vörum sem fluttar eru inn til framleiðslu á kvikmyndum á filmum eða myndböndum, hljómplötum og hljóðböndum:

Tollskrárnúmer	Vörulýsing
úr 37.02.02	Kvikmyndafilmur 16 mm og breiðari, þó ekki tvöfaldar 8 mm filmur.
37.07.01	Kvikmyndafilmur, einungis með hljóðbandi.
úr 92.12.19	Myndbönd 16 mm og breiðari, hljóðbönd 6,35 mm og breiðari, óátekin
og	hljóðsegulbönd í rúllum (pancakes) til fjölföldunar efnis á hljómsnældur,
úr 92.12.29	mót („stampers“ eða „mothers“).

2. gr.

Niðurfelling tolls skv. 1. gr. er bundin því skilyrði að viðkomandi aðili reki kvikmynda- eða myndbandavinnustofu eða hljóðver til upptöku eða fjölföldunar efnis á filmur eða bönd.

Ákvæði auglýsingar nr. 8/1981 skulu gilda um tollviltun samkvæmt auglýsingu þessari eins og við getur átt, sbr. einkum 3. gr. hennar.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 30. ágúst 1984.

Albert Guðmundsson.

Ingólfur Friðjónsson.